

# Jarðfræðafélag Íslands

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2016

Fyrri hluta ársins 2016 störfuðu í stjórn félagsins Sigurlaug María Hreinsdóttir (formaður), Esther Ruth Guðmundsdóttir (varaformaður), Lúðvík Eckardt Gústafsson (gjaldkeri), Erla María Hauksdóttir (ritari), Björn Harðarson (meðstjórnandi), Sýlvía Rakel Guðjónsdóttir (meðstjórnandi) og Þorsteinn Sæmundsson (meðstjórnandi).

Skipan stjórnar eftir aðalfund var óbreytt. Alls eru nú tæpir 300 félagar skráðir í félagið. Störf félagsins voru með hefðbundnum hætti á árinu.

Vorráðstefna var haldin þann 8. apríl í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Líkt og áður var jarðfræðinemendum boðið endurgjaldslaust á ráðstefnuna en stjórn félagsins telur mikilvægt að nemendur fjölmenni á Vorráðstefnu og kynnist störfum jarðfræðastéttanna. Á ráðstefnunni var að vanda fjölbreytt dagskrá og mörg fróðleg erindi flutt. Ráðstefnuna sóttu um og yfir 90 manns, þar af 33 nemendur, 21 erindi var haldið og eitt veggspjald kynnt.

Aðalfundur félagsins 2016 fór fram þann 9. maí í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands. Á fundinum flutti Páll Einarsson, jarðeðlisfræðingur, erindi um jarðfræði Tortola og Seychelles eyja sem var vel við hæfi í ljósi nýlegra uppljóstrana um eignir auðmanna á afgangsefjum eða hin svokölluðu Panamaskjöl. Að öðru leyti voru störf aðalfundar hefðbundin.

Haustráðstefna félagsins var haldin 18. nóvember, í sal Orkuveitu Reykjavíkur að Bæjarhálsi 1, í Reykjavík. Heiðursgestir ráðstefnunnar voru þau Birgir Jónsson, jarðverkfræðingur, Ingvar Birgir Friðleifsson, jarðfræðingur og Ragna Karlsdóttir, verkfræðingur. Öll urðu þau sjötug á árinu. Þema ráðstefnunnar var jarðhiti og jarðverkfræði. Fjöldi jarðvísindafólks, sem á einn eða annan hátt tengdust heiðursgestum, héldu erindi. Sigurlaug María Hreinsdóttir, formaður félagsins, setti ráðstefnuna og þar á eftir voru flutt eftirtalin 18 erindi:

- Ingvi Gunnarsson, Orkuveitu Reykjavíkur, *Gas í grjót – Niðurdæling jarðhitagass á Hellisheiði*;
- Haraldur Hallsteinsson, Mannviti, *Búrfellsvirkjun II, jarðtækni og jarðfræðiaðstæður*;
- Ingvar Birgir Friðleifsson, *Jarðfræði Esju og orkumál*;
- Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, Íslenskum orkurannsóknunum, *Three-Dimensional Geological Modeling of Hellisheiði Geothermal Field using Leapfrog Geo*;
- Andri Stefánsson, Jarðvísindastofnun Háskólans, *Sources and Reactions of Volatiles in Icelandic Thermal Fluid*;
- Sæmundur Ari Halldórsson, Jarðvísindastofnun Háskólans, *Assessing volatile heterogeneity in the Icelandic mantle and transport of volatiles from the mantle to surface*;
- Birgir Jónsson, Umhverfis- og byggingarverkfræðideild Háskóla Íslands, *Jarðgöng á Íslandi, með áherslu á Norðfjarðargöng*;
- Gísli Guðmundsson, Mannviti, „*Stutt lýsing á Geothermal risk mitigation facility“ sjóðnum og uppbyggingu jarðhitavirkjana í Austur Afríku*;
- Heimir Ingimarsson, Íslenskum orkurannsóknunum, *Jarðhitaleit og heitavatnsöflun í Hoffelli í Hornafirði. Staða jarðhitaleitar fyrir hitaveitu á Höfn og nágrenni*;
- Guðmundur Ómar Friðleifsson, HS Orku, *Yfirlit um borun IDDP-2 djúpbörunarholu á Reykjanesi 2016*;
- Sigurður Reynir Gíslason, Jarðvísindastofnun Háskólans, *Staða kolefnishringrásarinnar á jörðinni. Hvað er til ráða?*;
- Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, Jarðvísindastofnun Háskólans, *CarbFix verkefnið: Binding kolefnis í basalti*;
- Þorbjörg Hólmgeirsdóttir, Mannviti, *Jarðfræðingar og mannvirkjarannsóknir*;
- Ragna Karlsdóttir, Íslenskum orkurannsóknunum, „*Lága viðnámið*“;
- Árni Hjartarson, Íslenskum orkurannsóknunum, *Lághitarannsóknir á Skeiðum*;
- Anette K. Mortensen, Orkuveitu Reykjavíkur, *Heildarsýn Hengilsins (endurskoðun hugmyndalíkans af Hengilsvæðinu)*;
- Þórólfur Hafstað, Íslenskum orkurannsóknunum, *Boranir við Dælislaug í Fljótum*;

Tobias Weisenberer, Íslenskum orkurannsóknunum, *Phonolite-hosted zeolite deposits in the Kaiserstuhl Volcanic Complex, Germany*.

Í lok ráðstefnunnar var móttaka til heiðurs Birgi, Ingvari Birgi og Rögnu. Góður andi ríkti á ráðstefnunni sem um 70 manns sóttu og tókst hún vel í alla staði, heiðursgestum og öðrum þátttakendum til mikillar ánægju.

Haustferð Jarðfræðafélagsins átti að fara 8. október að Húsafellseldstöðinni en þegar dagurinn rann upp var veður afleitt og fella þurfti ferðina niður.

Eftirfarandi **nefndir** störfuðu á vegum félagsins.

*Jökull* – fulltrúi félagsins í ritstjórn Jökuls: Gréta Björk Kristjánsdóttir. Í ritnefnd, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson.

*Sigurðarsjóður* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Freysteinn Sigmundsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Sigurðarmedalía* – Olgeir Sigmarsson (formaður), Ármann Höskuldsson og Þorsteinn Sæmundsson.

*Orðanefnd* – Haukur Jóhannesson (formaður), Steiþór Níelsson og Ívar Örn Benediktsson.

*Siðanefnd* – Ívar Örn Benediktsson (formaður), Daði Þorbjörnsson og Kristín S. Vogfjörð.

*Löggildingarnefnd* – Þorsteinn Sæmundsson (formaður), Sigmundur Einarsson og Páll Halldórsson.

*IUGS* (International Union of Geological Sciences, nefnd skipuð af umhverfisráðherra) – Sigurlaug María Hreinsdóttir situr í stjórn fyrir hönd JFÍ.

*Sigurlaug María Hreinsdóttir*



Hörfunargarðar eru áberandi við Skaftafellsjökul. Þeir myndast í lok hvers vetrar þegar framskrið jökulsporðsins er meira en hörfun hans. Þannig vitna garðarnir til um hörfun sporðsins ár frá ári. Á milli tjarnanna í forgrunni myndarinnar og lónsins við jökuljaðarinn má telja um níu garða, sem af loftmyndum má ráða að mynduðust á tímabilinu 2000–2008. Innstu garðarnir benda til að samfellt lón hafi byrjað að myndast um 2007–2008. Bilið á milli garðanna gefur til kynna umfang hörfunar jökulsporðsins á hverju ári. – *The forefield of Skaftafellsjökull, SE-Iceland, comprises a series of recessional moraines that record the annual retreat of the glacier margin in 2000–2008 prior to the formation of a continuous proglacial lagoon during 2007–2008, although isolated lagoons had begun to form earlier. The spacing between the annual moraines indicates the yearly rate of ice-marginal retreat.* Ljósmynd/Photo. Ragnar Th. Sigurðsson. Texti/text Ívar Örn Benediktsson.